

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 816/2011,**  
**um hafnarríkiseftirlit, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi töluliðir bætast við IV. viðauka reglugerðarinnar:

49. [Hér á að vera eyða, sjá þó 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB.]
50. Samræmingarskjal sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB.

2. gr.

*Innleiðing á EES-gerðum.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB.

3. gr.

*Lagastöð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr., sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 7. nóvember 2018.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

---

*Björn Freyr Björnsson.*